



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um könnun á húsnæðismarkaðinum í Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera könnun á upplifun borgarbúa á húsnæðismarkaðnum í Reykjavík. Reynt verði að meta hvort markaðurinn sé að svara eftirspurn borgarbúa. Í henni verður m.a. athugað hvernig húsnæði fólk vill, hversu dýrt það má vera og á hvaða svæðum í borginni það vill fá það. Framkvæmd könnunar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. október 2022.

Umsögn:

Tekið er undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að mikilvægt sé að borgin hafi „yfirsýn yfir húsnæðismarkaðinn út frá væntingum og stöðu íbúa.“ Góð yfirsýn og greining á aðstæðum fólks á húsnæðismarkaði er enda mikilvæg forsenda upplýstrar og faglegrar ákvarðanatöku í málaflokknum. Hér verður talið upp nokkuð af því sem nú þegar hefur verið gert til að greina stöðuna, ásamt því sem er í bígerð:

1. Greining á fasteignamarkaði í Reykjavík 2022 og fyrr

Í tengslum við uppfærslu húsnæðisáætlunar hefur Reykjavíkurborg undanfarin ár látið gera greiningu og stöðu og horfum, ásamt könnun á upplifun fólks á húsnæðismarkaðinum í Reykjavík. Slík greining var síðast framkvæmd í aðdraganda uppfærslu húsnæðisáætlunar síðsumars og haustið 2022 og var skýrsla þessa efnis lögð fram sem fylgigagn með drögum að uppfærðri húsnæðisáætlun á fundi borgarráðs þann 10. nóvember 2022. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig næstu greiningu og könnun verði hagað en vænta má álíka greiningar eða framþróunar á henni við næstu uppfærslu húsnæðisáætlunar.

2. Fyrirhugaðar greiningar á húsnæðispörf einstakra félagshópa

Reykjavíkurborg, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Innviðaráðuneytið gerðu nýverið með sér samkomulag um aukið framboð á íbúðarhúsnæði í Reykjavík á árunum 2023 til 2032 en það var samþykkt í borgarráði 5. janúar sl. Samkomulagið hvílir á rammamálum ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. júlí 2022 og sem lagður var fram í borgarráði 11. ágúst 2022.

Í 4. lið aðgerðaáætlunar í 7. gr. samkomulagsins (bls. 3) er kveðið á um að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun „vinni að því að þróa og betrubæta greiningar



varðandi húsnæðisþarfir einstakra félagshópa (s.s. sértæk búsetuúrræði), þannig að betri yfirsýn skapist, m.a. hvernig þessum þörfum er mætt í einstökum sveitarfélögum og dreifist á milli þeirra.“

Enn fremur er í aðgerð 5 lagt fyrir að stofnunin „vinni greiningu á biðlistum sveitarfélaga og eftir atvikum annarra félagasamtaka og þeir [verði] samræmdir.“

Þann 12. janúar sl. var svo lagt fram í borgarráði erindisbréf starfshóps starfsfólks umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu borgarstjóra og borgarrita. Hópnun er ætlað að innleiða fyrrgreindan húsnæðissáttmála og samkomulag af hálfu Reykjavíkurborgar og að með honum starfi bakhópur sviðsstjóra og sérfræðinga.

Reykjavíkurborg hefur allt frá stofnun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar átt í góðu og vaxandi samstarfi við starfsfólk og stjórnendur hennar. Með tilurð stofnunarinnar hefur skapast tækifæri til að bæta yfirsýn um íslenskan húsnæðismarkað, auka fagmennsku, samræmingu og samhæfingu í húsnæðismálum á Íslandi. Því er full ástæða til að telja að aðilar geti í sameiningu þróað betri og ítarlegri greiningar á stöðu fólks á húsnæðismarkaði og stutt þannig við faglega ákvarðanatöku í málaflokknum.

Með þeim aðgerðum sem hér hafa verið taldar upp, í fortíð, nútíð og framtíð, má telja að Reykjavíkurborg vinni nú þegar að því sem tillagan boðar eða hyggist gera það á næstu mánuðum og misserum, í samvinnu við ríkisvaldið, stofnanir þess og aðra aðila.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari